

Fréttatilkynning um ársreikning 2003
Helsingfors 9/3 2004**Góð afkoma 2003 – þrjú ný aðildarríki**

Afkoma Norræna fjárfestingabankans á árinu 2003 var góð. Hagnaður á árinu nam 151 milljónum evra samanborið við 142 milljónir evra árið 2002. Hreinar vaxtatekjur jukust á árinu og námu 155 milljónum evra samanborið við 150 milljónir evra árið 2002. Niðurstöðutölur efnahagsreiknings bankans námu við árslok 16,7 milljörðum evra. Lausafjárstaðan var 2 744 milljónir evra. Stjórn bankans hefur lagt til að greiddur verði út arður til eigendanna, Norðurlandanna fimm, sem nemur 41,3 milljónum evra af hagnaði ársins 2003.

Ný útlán bankans námu 1 841 milljónum evra samanborið við 1 648 milljónir evra árið áður. Nýir lánsamningar á árinu námu 1 859 milljónum evra (2002: 1 807). Heildarútlán bankans við árslok námu 10 522 milljónum evra (10 110).

Ný skuldabréfaútgáfa bankans á árinu nam 3 258 milljónum evra (3 320). Við árslok námu útistandandi skuldabréf bankans 13 087 milljónum evra (13 150). NIB gaf í annað sinn út í einni alþjóðlegri útgáfu skuldabréf að fjárhæð einn milljarður bandaríkjadala.

Útlánasafn bankans er áfram í háum gæðaflokki. Á árinu voru samanlagt 1 milljón evra lagðar á sértækan afskriftareikning til að mæta hugsanlegu útlánatapi. Að teknu tilliti til bakfærslu vegna fyrri framlaga á afskriftareikning eru nettóáhrif á afkomu bankans þó jákvæð sem nemur um 300 þúsund evrum.

Aðild Eystrasaltslanda að NIB

Árið 2005 munu Eistland, Lettland og Litháen gerast aðilar að Norræna fjárfestingabankanum. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda og Eystrasaltslanda undirrituðu hinn 11. febrúar 2004 nýjan samning um NIB sem felur í sér aðild þessara landa.

Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda í júní 2003 lýstu ráðherrarnir vilja til að bjóða löndunum þremur aðild að NIB. Samningaviðræður um aðildarskilmála fóru fram á vegum fjármálaráðherra ríkjanna átta og lauk um áramótin. Gerður var nýr milliríkjasamningur um NIB og nýjar samþykktir fyrir bankann. Að fenginni staðfestingu þjóðþinga ríkjanna átta á árinu 2004 er áformað að Eystrasaltslöndin þrjú gerist meðeigendur að NIB frá og með 1. janúar 2005. Samningurinn felur í sér að Eistland, Lettland og Litháen verða aðilar að NIB á sömu forsendum og núverandi eigendur bankans, þ.e. Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Allir eigendur skulu hafa sömu réttindi og skyldur og felast í nógildandi samningi um bankann.

Aðild Eystrasaltsríkjanna að NIB er ekki aðeins sögulegur áfangi fyrir bankann. Hún felur jafnframt í sér að samstarf Norðurlanda við þessi nágrannalönd er hafið á nýtt stig.

Fjármögnun verkefna

Bankinn tók þátt í fjármögnun 62 fjárfestingar- og lánaverkefna á Norðurlöndum. Stór hluti verkefnanna sem lánað var til fól í sér fjárfestingu vegna kaupa á fyrirtækjum eða stofnun fyrirtækja yfir landamæri. Fjármögnun umhverfisvænnar orkuframléiðslu nam nálægt þriðjungi af útlánum ársins.

Bankinn hefur útistandandi lán í 31 landi utan Norðurlanda. Skrifað var undir samninga um 26 ný alþjóðleg lán á árinu. Alþjóðleg lán voru einkum veitt til innviðaframkvæmda, fyrst og fremst innan orkugeirans og til samgangna og fjarskipta. Útlán til Eyrstrasaltslandanna jukust að mun á árinu og þá sérstaklega fjármögnun innviðaframkvæmda innan orku-og samgöngugeirans.

Eigendur bankans ákváðu á árinu að hækka útlánaramma hans til útflutningsverkefna (PIL) frá 3,3 milljörðum evra í 4 milljarða evra frá og með 1. júlí 2004. Ákvörðunin gefur aukið svigrúm fyrir útlán bankans í heild og eykur möguleika til lánveitinga utan Norðurlanda.

Umhverfislán

Fjármögnun umhverfisverkefna er einn af hornsteinum í lánastarfsemi bankans. Í lok ársins námu heildarlán bankans til umhverfisfjárfestinga 2 014 milljónum evra. Stór hluti þessara lána hefur verið veittur til fjárfestingar á Norðurlöndum og grannríkjum þeirra. Á árinu voru samþykkt 22 ný umhverfislán samtals að fjárhæð 379 milljónir evra. Á Norðurlöndum voru m.a. samþykkt lán til fimm fyrirtækja í pappírsiðnaði til umhverfisbætandi fjárfestinga, m.a. til fráveituframkvæmda og uppsetningar mengunarbúnaðar í framleiðsluferlum. Umhverfislán voru einnig samþykkt til m.a. olíuhreinsunarstöðvar vegna notkunar lífræns eldsneytis, til vindorkuvers, til jarðvarmaorkuvers og til orkusparnaðaraðgerða í sambandi við hitaveitu.

Ársreikning NIB má finna á eftirfarandi vefslóð frá og með 15. mars nk. á sænsku og ensku.
<http://annual.nib.int>

Lykiltölur NIB

(í milljónum €)	2003	2002
Hreinar vaxtatekjur	155	150
Hagnaður	151	142
Útborguð lán	1 841	1 648
Samningsbundin lán	1 859	1 807
Útistandandi lán	10 522	10 110
Tekin lán (ný)	3 258	3 320
Útistandandi tekin lán	13 087	13 150
Handbært fé	2 744	2 947
Niðurstaða efnahagsreiknings	16 666	15 948
Eigið fé/efnahagur (%)	9,9	9,7
Ávöxtun eigin fjár (%)	9,5	9,5
Fjöldi starfsmanna	147	144

NIB er í eigu Norðurlandanna fimm og hefur hæstu mögulega lánshæfiseinkunn, AAA/Aaa, frá þeim alþjóðlegu fyrirtækjum sem eru í fremstu röð um mat á lánshæfi. Bankinn fjármagnar verkefni sem fela í sér gagnkvæma hagsmuni fyrir lántakandann og aðildarríkin. Nánari upplýsingar veita Jón Sigurðsson aðalbankastjóri í síma + 358 9 18001 og Guðmundur Ólason svæðisstjóri fyrir Ísland í síma +354 5 699 996 / +358 9 1800 512.

Internet: www.nib.int